

Mánudaginn 3. júní 1991.

Nr. 479/1989. **Guðbrandur Geirsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.),

Húsum og lögnum h/f,

Steintaki h/f,

Sparisjóði Mýrasýslu,

Samvinnulífeyrissjóðnum,

Baldri Konráðssyni,

Benedikt Eyjólfssyni

f.h. Bilabúðar Benna,

Kreditkortum h/f,

bæjarsjóði Borgarness,

Hreðavatnsskála h/f,

Areliusi Dagbjarti Sigurðssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og

Rúnari Guðjónssyni, sýslumanni

Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,

sem innheimtumanni ríkissjóðs og

uppboðshaldara.

Ómerking. Heimvísun. Uppboð. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. nóvember sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur, „að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði úr gildi felld, því hrundið og synjað verði um framgang þess að öllu leyti eða að hluta til. Þá gerir áfrýjandi kröfur um málskostnað fyrir Hæstarétti, ... in solidum úr hendi stefndu, ...“

Arelíus Dagbjartur Sigurðsson og Landsbanki Íslands gera þær kröfur, að staðfest verði nauðungaruppboð það, sem fram fór 11. október 1989 á eign áfrýjanda, Þorsteinsgötu 4, Borgarnesi. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa ekki verið hafðar uppi kröfur fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi, dagsettu 30. mars 1988, til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu var þess krafist af hálfu Samvinnulífeyrissjóðsins í Reykjavík, að húseignin Þorsteinsgata 4 í Borgarnesi, eign áfrýjanda, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á skuld samkvæmt veðskuldabréfi, að eftirstöðvum 19.500 krónur. Síðar komu fram fleiri beiðnir um nauðungaruppboð á eigninni.

Málið var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. ágúst 1988, og var því frestað til 20. október 1988. Á uppboðsþingi þann dag var m.a. fært til bókar: „Af hálfu uppboðsbeiðenda er mættur Gísli Kjartansson hdl. og einnig af hálfu Sparisjóðs Mýrasýslu, en af hálfu uppboðspola mætir enginn.

Uppboðshaldari kynnti uppboðsskilmála, og komu engar athugasemdir. Uppboðshaldari leitaði tilboða í eignina. Gísli Kjartansson hdl. bauð kr. 500.000 f.h. Jóhanns Péturs Sveinssonar hdl. Fleiri boð komu ekki, og var sölutilraunum hætt.

Ákveðið var, að 2. og síðara nauðungaruppboð á eigninni færi fram mánudaginn 12. desember n.k. kl. 11.00.“

Málið var síðan tekið fyrir 12. desember 1988 og 9. febrúar, 16. mars, 12. apríl, 8. júní og 14. september 1989. Á uppboðsþinginu síðastgreindan dag var m.a. fært til bókar:

„Fyrir var tekið: Að selja á öðru og síðara nauðungaruppboði fasteignina Þorsteinsgötu 4, Borgarnesi ...

Uppboðið er auglýst í 75., 89. og 93. tbl. Lbbl. 1988 og blaðinu DV 8. júní sl.

Af hálfu uppboðsbeiðenda er mættur Gísli Kjartansson hdl., sem mætir einnig fyrir veðhafa, Sparisjóð Mýrasýslu. Af hálfu uppboðspola er enginn mættur. ...

Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram: Gísli Kjartansson hdl. bauð kr. 500.000 f.h. Jóhanns Péturs Sveinssonar hdl. Fleiri boð komu ekki. ...

Að kröfu uppboðsaðila var ákveðið, að þriðja og síðasta uppboð færi fram á eigninni miðvikudaginn 11. október kl. 14.00 ...“

Á uppboðsþingi 11. október 1989 var fyrir tekið að „halda 3ja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni ...“ Var þá m.a. lögð fram uppboðsbeiðni Sparisjóðs Mýrasýslu til lúkningar á skuld að fjárhæð 500.000 krónur, sem tryggð var með 5. veðrétti í fasteigninni. Uppboðshaldari leitaði tilboða í eignina, og var hæstbjóðandi stefndi, Arelíus Dagbjartur Sigurðsson, sem bauð 2.500.000 krónur.

Öllum framangreindum þinghöldum í uppboðsréttinum stýrði Rúnar Guðjónsson sýslumaður.

II.

Sparisjóður Mýrasýslu átti veð í fasteigninni Þorsteinsgötu 4 og var einn af uppboðsbeiðendum. Fram er komið í málinu, að Rúnar Guðjónsson sýslumaður var í stjórn sparisjóðsins á þeim tíma, er hann fjallaði um mál þetta sem uppboðshaldari. Var hann því fyrirsvarsmaður stofnunar, sem var aðili uppboðsmálsins. Bar honum því að víkja sæti dómara í málinu, sbr. 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 20. október 1988 og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð, sem fram fór 11. október 1989 á fasteigninni Þorsteinsgötu 4, Borgarnesi, eign áfrýjanda, Guðbrands Geirssonar, skal vera ómerk svo og meðferð uppboðsmáls þessa frá og með 20. október 1988, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.